




Dagsetning: 29. janúar 2024
Málsnúmer: 2401199/13.0

Til skipulags- og framkvæmdanefndar

Aðalskipulagsbreyting tjaldsvæði Eskifirði

Skipulags- og umhverfisfulltrúi leggur til breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags íbúðasvæðis Dalur 3 Eskifirði. Á 20. Fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þann 7.3.2023 **samþykkti nefndin tillögu** skipulags- og umhverfisfulltrúa að hefja vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir íbúðabyggð inni í dal á Eskifirði.

Skipulags- og umhverfisfulltrúi vann tvær tillögur að svæðinu og eftirfarandi tillaga varð fyrir valinu hjá nefninni (sjá mynd).







Haldinn var **íbúafundur** á Eskifirði þar sem opnað var á samtal við íbúa. Eftirfarandi ábendingar komu fram á þeim fundi annarsvegar vegna snjóálags á svæðinu og skoða betur hvernig hægt er að raða inn á skipulagið með það í huga að minnka skaflamyndun sem minnst við húsin og vegina. Einnig var umræða um hvort einbýlishúsalóðirnar sem væru syðst á skipulagin væru ekki of nálægt ánni.

Haft var samband við minjavörð í júní 2023 og óskað eftir upplýsingum um hvort **minjaskráning** ætti eftir að fara fram. Minjavörður svaraði á þann veg að árið 2004 var unnin fornleifaskráning fyrir hluta Eskifjarðar sem nær meðal annars yfir umrætt svæði. Sú skráning er hinsvegar ekki fullnægjandi samkvæmt skráningarstöðlum, s.s. minjar voru ekki uppmældar og svæðin hafa ekki verið fullgengin. Það hafa því verið að finnast fleiri minjar innan þeirra. Það eru engar minjar skráðar innan svæðisins samkvæmt eldri skráningu. Mynjavörður austurlands myndi þurfa að skoða þetta á vettvangi til að meta hvort að kalla þyrfti eftir uppfærslu á fyrirliggjandi fornleifaskrá.

Færa mönina sem liggur milli AF-200 (bleiki flákinn) og ÍB-200 þar sem hún gæti nýst bæði sem skjól fyrir vind og hávaðamengun frá þjóðvegi og framtíðar atvinnusvæði.




Veðurstofa gerði athugasemd við eftirfarandi fjölbýlishúsalóðir ofan við Dalbraut vegna hættumats ofanflóða en það svæði er skilgreint sem íbúðasvæði í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040.




Nú leggur skipulags- og umhverfisfulltrúi til að þar sem er nú er skilgreint afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi verði breytt í íbúðarsvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæðið verði fært á það svæði sem íbúðabyggð ofan veg við Dalbraut er staðsett.

Fyrir breytingu:



Eftir breytingu:





Með þessari breytingu næst meira rými fyrir íbúðabyggð á þess að það skerði landsvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði. Ekki væri gert ráð fyrir gistingu á afþreyingar- og ferðamannasvæði yfir vetrartíma.



Aron Leví Beck

Skipulags- og umhverfisfulltrúi